



Alþingi
Erindi nr. P 143/1024
komudagur 6.2.2014

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. febrúar 2014

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2014-2017

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreindar tillögur til umsagnar og gera eftirfarandi athugasemdir:

Uppbygging öflugs gagnanets: Slík uppbygging er ekki síst nauðsynleg til að uppfylla auknar kröfur um öryggi og þjónustu við ferðamenn.

Orkumál: Samtökin eru sammála því að huga þurfi vel að öflun og dreifingu á raforku til uppbyggingar atvinnulífs enda er ferðaþjónusta ein af undirstöðugreinum þess og mikil tækifæri víða um land. Hugsa verður að því að uppbygging á mannvirkjum rýri ekki ósnortin víðerni og náttúru landsins sem auðlind en yfir 80% erlendra ferðamanna koma til Íslands vegna náttúrunnar.

Bættar samgöngur: SAF eru sammála markmiðum þingsályktunarinnar um bættar samgöngur enda eru öruggar og greiðfærar samgöngur forsenda þess að ferðaþjónusta geti þrífist hér á landi. Þá telja samtökin nauðsynlegt að þegar skoðaðir eru möguleikar á millilandaflugi frá landsbyggðinni sé horft til allra möguleika eins og áætlana flugklasans á Akureyri.

Brothætt byggðalög: Eins og það er nauðsynlegt að kosta til fjármagni til að meta stöðu og framtíð íslenskra landbúnaðarsamfélaga teljur SAF ekki síður mikilvægt að horfa til þess að meta stöðu, framtíð og möguleika íslenskrar ferðaþjónustu í smærri byggðakjörnum og sveitum landsins.

Stuðningur við einstaklinga: Það skilar sér margfalt að hafa vel menntaða einstaklinga á varnarsvæðum sem og örðum svæðum.

Stuðningur við fyrirtæki: Nauðsynlegt er að horft sé til ferðaþjónustufyrirtækja til jafns við sjávarútveg og landbúnað, enda möguleikar miklir við atvinnusköpun og uppbyggingu ferðaþjónstu á landsbyggðinni.

Nýsköpun og vaxtagreinar: Stjórnvöld verða að koma myndalega að uppbyggingu í nýsköpun og vaxtagreinum ferðaþjónustunnar. SAF telur orðalag ógreinilegt í texta en vilja ítreka að eðlilegt sé að skoða gjalddöku af ferðamönnum en þá aðeins til uppbyggingar á ferðamannastaðum enda er þörfin aðkallandi. Nú þegar er framkvæmdastjóður ferðamannastaða fjármagnaður að mestu með gistináttagjaldi sem greitt er af ferðamönnum.

Stuðningur við nýfjárfestingu og atvinnuuppbyggingu: SAF telur afar mikilvægt að fjármunum sé varið til uppbyggingar innviða ferðaþjónustunnar enda mikilvægi hennar til atvinnuuppbyggingar síst minna en annarra atvinnugreina.

Lánastarfsemi: SAF tekur heilshugar undir markmið um að tryggja kjör lántakenda Byggðastofnunar til jafns við aðra.

Stefnumótun um opinbera þjónustu Ljóst er að með tilliti til núverandi byggðamynsturs og mögulegrar eflingu byggðalaga er flugvöllur í Vatnsmýrinni eina raunhæfa lausnin þar sem íbúar eiga greiða leið að heilbrigðisþjónustu, stjórnsýslu og annað er varðar opinbera þjónustu.

Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála SAF hefur margítrekað mikilvægi öflugs, greiningar- og rannsóknarstarfs. Í opinberri ferðamálaáætlun 2011-2020 er þetta einmitt eitt af meginmarkmiðum. Hins vegar hefur ekkert verið framleitt af grunnupplýsingum er varða ferðaþjónstureikninga. Samtökin fagna því þessu framfaraskrefi.

Þá vilja SAF einnig koma eftirfarandi á framfæri: Við uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni er nauðsynlegt að almannarétti sé viðhaldið þannig að einstaklingar og hópar, hvort sem er á eigin vegum eða í atvinnurekstri geti óhindrað notið útivistar og farið um óræktuð lönd.

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Helga Árnadóttir
framkvæmdastjóri